

Fundur 5.2.2024 Sveinn Haraldsson.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Já gaman að heyra í ykkur, var mér sagt að skjótast hér inn í sambandið, til að magna ykkur, þar sem ákveðin orka fer í slík helstefnu sambönd.

Og var það langt síðan ég kom í sambandið og finnst mér eins og ég hafi skyldum að gegna við gamla félagið, þar sem árin liðu og áratugarnir og allt stóð í stað og árangur varð ekki nógu mikill og hleypti það kappi í kinn og vildi maður ekki gefast upp, þótt á móti blési.

Er hann Haukur staddur mér við hlið og brosir hann mjög og eiginkona hans, gleðjast þau yfir því að dóttir þeirra er stödd og mun reyna að koma fram fljótlega og senda þau kveðju.

*Má hann hafa hattinn ?*

Höfuðfat ?

*Hattinn ?*

Já hann má hafa hattinn, ha ha, já já.

*Ég man þegar systir hans mátti ekki vera í hælahaum skóm.*

*Og ég er búinn að hugsa mikið um hattinn hans í kvöld.*

Já, he he já já,

*Ég bið fyrir kveðjur til þeirra.*

Skynjar þú, hefur þú skynjað ?

*Ég veit það ekki, en ég hef hugsað mikið til hans, hann er mjög næmur.*

Já, já já, hann má hafa hattinn og þau eru ánægð og teljum að hann komi í sambandið fljótlega.

Já Sveinn Haraldsson.

*Heill og sæll.*

Já hann hefur verið einn af þessum traustu og spyr hvernig, er það ekki barnabarnið sem hann spyr um ?

Næ ekki alveg, já ég ætlaði að segja frá því að ég hef hér haldið áfram og ég, við, síðast þegar ég talaði við ykkur höfðum við verið á svolitlu ferðalagi um hnöttinn, nágrenni okkar, en er nú aftur farið í venjulegar skorður, lífið.

Og eru hér komin fleiri systkini, eins og ég hef minnst á áður og hefur móðir okkar nálgast þessa heimsmynd, heiðnu trúna og systur minar.

Og ýmis önnur ættmennir, en það hefur tekið tíma og hef ég einnig haldið áfram að hjóla hér og reyna að ná upp þreki líkamans og náð góðum árangri með því.

Og Atli Hraunfjörð vildi koma því að, að hann hafi sigrað okkur nokkra í langhlaupi he he, og sérlega ánægður yfir því, ha ha.

*Ég bið að heilsa honum, Þorsteinn Víkingur.*

Já takk fyrir við skulum reyna að skila því, en það fer nú svona, úrslitin misjöfn.

Kona mín dó í Spænsku veikinni, og vona ég að ég nái að koma fram nafninu síðar, það er nú ekki auðvelt að sinni, en ég,

*Já sem sagt frá jörðinni ?*

Já, við ætluðum að segja frá ákveðnum vandamálum í, þeir kristnu eru ekki alveg farnir, innrásar liðið, og kom aftur gamli biskupinn, það er flóknara en svo að hægt sé að lýsa því alveg.

*Náði hann að troða sér inn í stjórnina aftur ?*

Nei, nei nei, það er ekki þannig, það eru önnur svið þjóðfélagsins, þar sem þeir nota, það heitir samkomulag, hvernig er hægt að lýsa því, lögræðileg atriði, sáttmálar, gamlir sáttmálar sem voru gerðir áður en ég kom á þennan hnött og árás Fishers og fylgismanna hans, var talinn raska þeim sáttmálum og hafði í för með sér að hinir kristnu öfgamenn sem hér voru og eru, töluðu um að ja fylgja einhverjum reglum og komast inn í ýmsar þjóðfélags stöður.

Ekki leitt allt til lykta, já en hér gengur lífið sinn vanangang og ég hef haft sérstakan áhuga á því að fá sem flesta miðla og sitjara til að magna samböndin við Gyðjurnar og já við segjum frá því síðar.

En ha ?

*Það væri nú gaman að heyra sögu þína, þegar þú varst að flytja og lentir á vitlausum hnetti, svona við tækifæri.*

Já hef ég ekki sagt frá því.

*Nei. Við fréttum það svona út undan okkur að þú hefðir lent svona á vitlausum stað.*

Já, já einmitt, það er, ég sagði stuttlega frá því, en já mér var hjálpað til við að rifja það upp, ég átti erfitt með að muna það allt, ég þurfti að fara í dáleiðslu, en já já ég skal gjarnan fara út í það og já það væri hægt að, ég þyrfti að einbeita mér að því í annað sinn sem ég kem í sambandið og ætti það að takast.

Í stuttu máli að koma með megin atriði þess sem gerðist,

*Já það væri gaman.*

Já ég hafði áhuga á þessu þegar ég var nýkominn hingað, að ég spurði hversu algengt þetta væri, og það mun víst vera talsvert algengt, en algengast mun það vera að þótt líkaminn sé hér full skapaður, þá er það algengt að fólk dreymi til helstefnu hnatta og hafi því tekið hluta af erfiðu aflsvæði með sér og að fólk finnist því, það vera annars staðar statt en í einhverjum tilfellum líkamnast það um stundarsakir annars staðar, já.

Það er mjög áhugavert að fjalla um þetta, já við ætluðum að koma ýmsu að en ég þarf nú að kveðja, það er eitthvert samband hér að lokum sem við viljum koma að, en viljum alltaf minna á það, að betra er að, gleðjumst þegar þið mætið, náum þá frekar að efla ykkur og já það eru ýmsir ættingjar sem biðja að heilsa og Ketill Larsen, hann spyr hvort einhver muni eftir sér.

*Já við munum mörg eftir honum.*

*Ég bið kærlega að heilsa honum, kveðja frá Þorsteini Víkingi.*

Já hann er hér einnig og brosir og vill fá að tjá sig, þeir þekktust vel og eru enn í góðu sambandi.

Og já þeir biðja kærlega að heilsa og margir hér, og við reynum að efla sem flesta til sambands og þakka ég þá fyrir í kvöld og vonum að við komum einu sambandi í gegn í viðbót.

Verið þið sæl.

*Vertu blessaður Sveinn.*